



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2008
Tilvísun: UST20080400171/bs

Framkvæmdir við Rifshöfn. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreindar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lengingu svonefnds Norðurgarðs um 500 metra út að skerinu Tösku. Einnig er fyrirhugað að byggja sandfangara um 300 metra langan frá ströndinni. Efni til framkvæmdarinnar um 95.000 m³ verður tekið úr grjótnámu í Rífi.

Fyrirhuguð framkvæmd er að mestu á núverandi helgunarsvæði hafnarinnar þar sem starfsemi og dýpkunarframkvæmdir hafa staðið yfir reglulega undanfarna áratugi.

Norðurgarður verður byggður á þaravöxnu rífi sem kemur upp úr sjó á allra stærsta straumi. Garðurinn verður á efsta hluta rífsins. Hann mun eyða gróðri í garðstæðinu, en ætla má að gróður muni fljótlega nema land í nýjum grjóttgarði. Sandfangari verður byggður í sandfjöru. Svæðið ofan fjörunnar er vaxið melgresi. Fyrirhuguð framkvæmd er utan þeirra svæða þar sem fuglalíf er mest. Efnistakan felur í sér stækkun grjótnámunnar í Rífi til vesturs. Hér er um fjórðu opnunina að ræða á þessum stað. Sjónræn áhrif þessarar efnistöku er fremur lítil. Námusvæðið er ýmist ber klapparholt eða sandiorpin. Umhverfisstofnun telur tímabært að kannað verði hvort unnt sé að nýta freka þær opnur sem þegar eru á námusvæðinu, hvort unnt sé að sameina svæðin með frekari efnistöku og með þeim hætti ganga frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku telst lokið.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri